



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 11. Febrúar 2008

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd mánudaginn 11. febrúar að Hnjúkabyggð 33. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Tímasetning gangna 2008
2. Veggirðingar í Langadal
3. Önnur mál

1. Gauti Jónsson fjallskilastjóri bauð Rafn Sigurbjörnsson, oddvita Skagabyggðar velkominn en honum var boðið að koma til viðræðna um þennan lið.
Gauti taldi skv. símtali við Jónínu Stefánsdóttir, Stóru Gröf að líklegt væri að Skagfirðingar myndu flestir smala fyrstu helgina í september og því æskilegast að fylgja þeim. Rafn taldi það of snemmt fyrir Skagann og kvað almennt álit íbúa gamla Skagahrepps að önnur helgin í september væri ákjósanlegust.
2. Landbúnaðarnefnd fagnar því að Vegagerðin sé byrjuð að gera upp veggirðingar í Langadal, girtur hefur verið vegakafli með landi Björnólfsstaða og Ystagils. Nefndin telur þó ljóst að enginn árangur muni nást með þessum aðgerðum nema girtar séu flestar jarðir í Langadalnum. Nefndin hvarmar því að ekki skuli hafa verið gengið lengra í þessum efnum og áréttar enn ályktanir sínar sbr. fundargerðir dagsettar 19. júní 2003, 21. júní 2004, 6. maí 2005 og 25. ágúst 2007. Nefndin telur einnig óeðlilegt að ekki skuli hafa verið kallaður til fulltrúi frá Blönduósbæ til ráðagerða áður en hafist var handa við þessa framkvæmd.
3. Fjallskilastjóri kynnti bréf frá Óbyggðanefnd varðandi framsetningu á kvörtun ríkisins í þjóðlendumálum. Þar kemur fram að óbyggðanefnd hyggst lýsa kröfum í landsvæði á svæðinu milli Fnjóskár og Blöndu og fram til jökla á árinu 2008.
4. Rætt var um umferð vélhjóra í afréttarlöndum Blönduóssbæjar. Sést hafa greinileg ummerki slíkra torfæruhjóra í afréttinni síðast haust. Álitid er að hross hafi fælst úr afréttinni af þessum sökum sem er hið alvarlegasta mál.

Fleira ekki gert.
Gauti Jónsson (sign.)
Þórður Pálsson (sign.)

Fundi slitið
Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)